



## Skýrsla Vinnís fyrir starfsárið 2008-2009

Ellefti ársfundur Vinnuvistfræðifélagsins var haldinn þann 29. apríl 2008 hjá ÍAV að Höfðabakka 9. Eyjólfur Gunnarsson kynningarfulltrúi kynnti fyrirtækið, helstu verkefni og áherslur og Hafsteinn Hafsteinsson öryggisstjóri kynnti öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrirtækisins. Síðan hófst aðalfundur félagsins.

Ársfundur félagsins 2009 verður haldinn þann 28. apríl nk. hjá Verkís Ármúla 4, Reykjavík.

### Stjórn Vinnís starfsárið apríl 2008-apríl 2009

Berglind Helgadóttir, formaður (kosin til eins árs)

Ólafur Hjálmarsson, varaformaður, endurkjörinn á aðalfundi 2008 til eins árs (stjórnarseta 2007-2009)

Valdís Brá Þorsteinsdóttir, gjaldkeri (stjórnarseta 2008-2010),

O.Lilja Birgisdóttir, ritari (stjórnarseta 2008-2010)

Hildur Friðriksdóttir meðstjórnandi, endurkjörin á aðalfundi 2007 til tveggja ára (stjórnarseta 2007-2009)

### Varamenn

Hólmfríður Erlingsdóttir

Hafsteinn Hafsteinsson

### Skoðunarmenn

Björn Pálsson

Auður Ólafsdóttir

### Félagaskrá

Í félagaskrá í lok árs 2008 voru skráðir 98 félagar, þar af voru 82 einstaklingar og 16 fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

### Árgjaldið

Árgjaldið er kr. 2.200.- fyrir einstaklinga og kr. 16.000.-fyrir fyrirtæki og félagasamtök.

### Stjórnarfundir

Yfir tuttugu stjórnarfundir hafa verið haldnir á starfstímanum auk nefndarstarfa í tengslum við undirbúning ráðstefnunar NES2008.

Megináherslur á starfsárinu hafa tengst:

1. NES2008
2. Stofnun áhugahópa á meðal félagsmanna

## **NES2008**

Fertugasta ráðstefna NES, NES2008 var haldin á Grand Hotel í Reykjavík 11.-13.ágúst.

Guðlaugur Þ. Þórðarsson heilbrigðisráðherra setti ráðstefnuna.

Lykilfyrirlesarar voru:

David C.Capel

Mikael Salinen

Karen Jakobs

Halimahtun Kalid

Haukur Ingi Jónasson

Svafa Grönfeldt

Í kringum 130 erindi frá 20 löndum voru haldin, þar af 20 frá Íslandi. Yfir 200 manns tóku þátt í ráðstefnunni.

Einnig var fjölbreytt utandagskrá s.s. heimsókn í Helligheidarvirkjun og hátíðarkvöldverður í Perlunni.

### **Stofnun áhugahópa Vinnís**

Til að fylgja ráðstefnunni eftir og virkja fleiri félagsmenn var ákveðið að auglýsa á heimasíðunni eftir áhuga fyrir stofnun áhugahópa innan Vinnís. Undirbúningur stornunar áhugahóps er hafinn og tveir undirbúningsfundir hafa verið haldnir..

### **Erlent samstarf**

#### **Nordiska Ergonomi Sällskapet (NES).**

Fulltrúar Vinnís í stjórn NES hafa verið Berglind Helgadóttir og Ólafur Hjálmarsson. O.Lilja Birgisdóttir var áheyrandi á aðalfundi NES sem haldinn var í tengslum við NES2009 dagana 7. og 8.ágúst. Einnig var hún fulltrúi Vinnís á janúarfundi (vorfundur) NES í stað Ólafs þar sem hann var í veikindaleyfi.

Svava Jónsdótti er ritari NES og Þórunn Sveinsdóttir er formaður NES.

### **Að lokum**

Stjórn Vinnís þakkar öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstarfi starfsársins 2008-2009 og hvetur félagsmenn til að taka virkan þátt í áhugahópum VINNÍS og öðru starfi sem er í gangi hverju sinni. Virkir félagsmenn auka virkni félagsins í heild og efla og styrkja vinnuvistfræði á Íslandi.

Reykjavík

Stjórn Vinnís